

Skólastefna Grundarfjarðarbæjar

Inngangur

Vinna við undirbúning að mótun heildstæðrar skólastefnu fyrir Grundarfjarðarbæ hófst af fullum krafti í september 2013. Gunnar Kristjánsson fyrrverandi skólastjóri, var ráðinn til að verkstýra ferlinu og kosinn var stýrihópur af Bæjarstjórn. Stýrihópurinn skipa Ásthildur E. Erlingsdóttir formaður, Sigríður G. Arnardóttir en þær sitja báðar í skólanefnd, úr skólaumhverfinu voru kjörnar Anna Bergsdóttir skólastjóri Grunnskólans og Matthildur Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri. Úr nærumhverfinu var kosinn Aðalsteinn Þorvaldsson sóknarprestur.

Vinnufyrirkomulag

Verkefnisstjóri lagði fyrir stýrihóp tímasetta verkáætlun og hugmyndir um hvernig verkið skyldi unnið og var það samþykkt á fyrsta fundi stýrihóps þann 18. september 2013. Í verkáætluninni var gert ráð fyrir fundi með foreldrum, starfsfólki skólanna og nemendum. Á seinni stigum bættust við áform um fundi með foreldrum með erlent ríkisfang, einkum pólskt, fulltrúum atvinnulífs og bæjarstjórn. Fundir þessir voru ætlaðir til að fá fram viðhorf og væntingar til skólanna og voru þeir settir upp sem hópinnfundir með spurningum um hlutverk, stöðu og framtíðarmarkmið skólanna sem og leiðir til að ná þeim markmiðum og óskað var eftir hugmyndum að leiðarljósum (gildum) fyrir skólastefnuna. Fundur með foreldrum var haldinn í tengslum við aðalfund foreldrafélaga grunn- og leikskóla 8. október 2013. Fundur með starfsfólki grunn-, leik- og tónlistarskóla þann 15. október. Fundur með nemendaráði var 31. október og í framhaldi af því í byrjun nóvember fór fram hópvinna meðal nemenda 5. – 10. bekkjar Grunnskólans. Um þá vinnu sá nemendaráð með aðstoð skólastjórnenda og kennara. Nemendur yngstu árganga í Grunnskólanum og elstu börnin í leikskóla fengu það hlutverk að tjá í myndmáli draumaskólann. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að koma á fundi eða fá fram skoðanir foreldra með erlent ríkisfang. Fundur með forsvarsmönnum atvinnulífs í Grundarfirði var boðaður og auglýstur 11. febrúar 2014 en þar mættu aðeins tveir svo þeim fundi var aflýst. Verkefnisstjóri vann upp úr hópinnsvörum samantekt á þeim svörum sem komu fram þrisvar eða oftari, og í framhaldi af því fyrstu drög að skólastefnu Grundarfjarðarbæjar og kynnti fyrir stýrihópi á fundi 6. mars. Stýrihópur hefur síðan verið að fjalla um þau drög og vinna að nánari úrvinnslu. Verkefnisstjóri kynnti stöðu verkefnisvinnunnar og drög að skólastefnu á fundi með skólanefnd 11. mars og síðan í bæjarstórn 13. mars þar sem bæjarfulltrúar komu með gagnlegar athugasemdir.

Nú á síðustu metrunum fer fram kynning á stöðunni á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar og er öllum þeim sem vilja láta sig málið varða heimilt að koma á framfæri athugasemdum og tillögum við þau drög að skólastefnu sem liggja nú fyrir áður en hún verður endanlega

afgreidd í stýrihópi og lögð fyrir bæjarstjórn. Tekið verður við athugasemdum á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is til og með 31. mars nk.

Hér á eftir fer samantekt á svörum úr hópvinnunni sem fram fór og síðan frumdrög að skólastefnu Grundarfjarðarbæjar eins og þau líta út í dag.

Niðurstöður hópvinnufunda:

Hlutverk skóla:

Svör við spurningunni „**Af hverju skóli?**“ voru í langflestum tilvikum samhljóma því sem stendur í lögum um grunnskóla og leikskóla: Til að undirbúa nemendur í samvinnu við heimilin til þátttöku í lýðræðissamfélagi og þau störf sem þeir munu taka þátt í framtíðinni. Undirbúningur fyrir lífið sjálft. Við spurningunni „**Fyrir hvern er skóli?**“ kom greinilega fram í svörum allra sá skilningur á að hér á landi gildi allgjört jafnrétti til náms þ.e. jafn aðgangur allra barna óháð kyni, stöðu, þjóðerni og stétt enda skólaskylda barna 6 – 16 ára. Spurningunni „**Hvað skiptir máli?**“ til þess að skólarnir geti sinnt hlutverki sínu, svara flestir að mestu máli skipti góð samskipti milli aðila, samvinna heimilis og skóla og gagnkvæm virðing. Jafnframt að þar skipti miklu að fagmennska starfsfólks sé í fyrirrúmi studd af góðri menntun sem og símenntun og að við störf séu góðir kennarar. Þá er það einnig talið grundvallarviðmið að öllum líði vel í því starfsumhverfi sem unnið er í. Þá verið að tala um húsnæði og allan aðbúnað.

Staðan í dag:

Spurt var „**Hvað gerir skólinn vel?**“. Svörin varðandi grunnskólann eru mjög á einn veg um hversu vel hann standi sig á tölvu- og tæknilega sviðinu sem og að hann hafi innleitt fjölbreyttni í kennsluaðferðum. Leikskólinn gerir sitt besta til að börnunum líði vel, og bíður upp á gott fæði, hádegisverð, bæði í leikskóla og grunnskóla. Einnig eru nefnd góð samskipti milli leikskóla og grunnskóla með verkefninu „Brúum bilið“ sem megi efla enn frekar. Tónlistarskólinn er sagður með metnaðarfullt starf með áherslu á samspil og samvinnu ólíkra hljóðfæra. Auk þess sem að ofan er talið lofa margir nemendur grunnskólans kennara sína. Með spurningunni „**Hvað getum við bætt?**“ var reynt að fá fram hvað mest væri aðkallandi að laga. Þar nefna flestir foreldrar nauðsyn þess að bæta upplýsingastreymi hvers konar frá skólunum jafnframt kynningu á starfi skólanna út í samfélagið t.d. í bæjarblöðum. Svör starfsfólks skólanna snúa flest að aðstöðu og aðbúnaði í skólunum þrem. Þar má nefna að þörf sé á stækkun leikskólans, byggja þurfi útikennslustofu, matsal í grunnskóla, nauðsyn sé á endurnýjun á borðum og stólum í grunnskóla sem og leiktækjum. Hvað innra starf varðar eru flestir sem vilja skjótari viðbrögð við eineltis – og agamálum.

Þegar spurt var um „**sérstöðu**“ okkar skóla nefna flestir foreldrar góða stöðu grunnskóla í tölvumálum en starfsfólkið talar oftast um nálægð við náttúruna sem fjársjóð og þau tækifæri sem felast í því. Ennfremur nefna þau smáð samfélagsins sem sérstöðu.

Áfangamarkmið/Megnmarmkmið:

Spurt var “ **Hvaða árangur fólk vill sjá í skólum okkar í nánust framtíð**” og “ **Hvernig má bæta skólann okkar til framtíðar?**” Með fyrri spurningunni var reynt að fá tímasetta markmiðssetningu en í raun urðu svörin langflest ótímasett við báðum spurningum og nokkuð á sama veg en þó áherslunur. Hvað aðbúnað varðar nefndu flestir aftur matsal í grunnskólanum og nemendur betri stóla. Útikennslustofa var oft nefnd af kennurum og nemendur vildu fleiri leiktæki og körfuboltavöll. Foreldrar nefndu bætt aðgengi fyrir fatlaða og lögðu einnig áherslu á enn frekari tækni – og tölvuvæðingu. Þá var einnig oft óskað eftir sundkennslu allt skólaárið. Læstir skápar eða borð fyrir nemendur voru einnig á óskalista. Stækkun leikskólans var þar einnig nefnd og sömuleiðis nýr tónlistarskóli. Allt þetta kallar á fjármagn og því var oftast nefnt að til þyrfti að koma aukið fjármagn til skólanna. Hvað innra starf áhrærir voru margir sem nefndu að þar skipti máli að fá vel menntað fagfólk í allar stöður. Ennfremur var lögð áhersla á metnað sem og jákvæðni og virðingu og bætt viðhorf samfélagsins til skólans. Þá var lögð til aukin áhersla á listgreinar og listsköpun nemenda. Undir þessum spurningakafla var einnig spurt, „**Hver gætu verið leiðarljós skólastefnunnar?**”

Þar varð niðurstaðan: Samvinna – virðing – ánægja

Leiðir:

Spurt var „**Hvaða þættir hjálpa til við að ná markmiðum í skólastarfi?**” Flestir svara því til að þar þurfi að koma til samvinna og samstarf allra sem að láta sig skólasamfélagið varða. Auðvitað nefna nokkrir afl peninga í þessu sambandi og auðvitað gott og hæft starfsfólk en þar kemur líka nokkuð oft fram að jákvæðni skipti höfuðmáli.

Þegar spurt er „**Hvað með mat á skólastarfi?**” og „**Hverjir eiga að meta skólastarf?**” eru langflest svörin á einn veg það á að meta skólastarf reglulega og matið á að vera innra mat skólanna sjálfra framkvæmt af starfsfólki, foreldrum og nemendum og síðan ytra mat óháðra utanaðkomandi aðila. Á grundvelli ofangreindrar hópavinnu leggur stýrihópurinn til eftirfarandi tillögu að skólastefnu Grundarfjarðar:

Drög að skólastefnu Grundarfjarðarbæjar:

Drög þessi eru til umræðu í stýrihópi um mótun skólastefnu og verða afgreidd þaðan til bæjarstjórnar eftir að fresti til að skila inn athugasemdum og tillögum lýkur þann 31. mars nk.

1. Skólastarf í Grundarfjarðarbæ skal ætíð grundvallast á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi viðkomandi skóla. Hver skóli setur sér sína skólanámskrá sem er nánari útfærsla áaðlalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu sveitarfélagsins.
2. Skólar Grundarfjarðarbæjar leggja áherslu á velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks. Kappkosta skal að í skólunum starfi hverju sinni vel menntað og hæft starfsfólk sem sinni starfi sínu af fagmennsku. Grundarfjarðarbær leggur sitt að mörkum með því að styðja starfsfólk til kennaranáms og efla endur- og símenntun.
3. Grundarfjarðarbær kappkostar eftir því sem fjármunir leyfa að öll aðstaða og aðbúnaður nemenda og starfsfólks sé til fyrirmyndar.
4. Í skólastarfi skal unnið með þá sérstöðu sem skólarnir búa við með nálægð við stórkostlega náttúru og fjölbreytt landslag. Þá nýti skólarnir sér smæð samfélagsins til hverskonar samvinnu ásamt því að efla samstarf við atvinnulíf á staðnum. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á nánasta umhverfi sögu þess og sérkennum. Þá skulu skólarnir vinna að því að styrkja þau vinabæjartengsl sem skapast hafa við Paimpoil.
5. Lögð skal áhersla á gott samstarf skóla, foreldra og frjálsra félagsamtaka á sviði tómsstunda og íþróttastarfs. Leitast skal við að samræma skóla og tómsstundastarf þannig að sem mest samfella verði hjá nemendum. Grundarfjarðarbær telur mikilvægt að skólarnir sinni markvissu forvarnarstarfi í samvinnu við foreldra og aðra þá aðila sem lagt geta sitt að mörkum. Í forvarnarstarfi sem og öllu öðru skólastarfi verður seint fullundirstrikað hversu miklu máli skipti að foreldrar láti sig nám og tómsstundir barna sinna miklu varða.
6. Grundarfjarðarbær leggur áherslu á að í skólastarfi taki kennsluhættir ávalt mið af þroska og hæfni nemenda og styður heilshugar við hverskonar nýbreyttni í skólastarfi og kennsluháttum sem miða að því að koma til móts við ólíka einstaklinga. Lögð skal áhersla á heilsusamlegt líforni og gildi hreyfingar og útiveru.
7. Í grunnskólanum skal lögð áhersla á færni í undirstöðugreinunum lestri og stærðfræði. Einstaklingsmiðað nám skal ætíð vera í forgrunni. Markmiðið er að skila sjálfstæðum skapandi og félagslega þroskuðum einstaklingi á næsta skólastig.

Í leikskólanum fer fram mikilvægasta þjálfunarskeið einstaklingsins. Þar skal lögð áhersla á markvissan undirbúning formlegs náms og félagslegra samskipta.

Í tónlistarskólanum skal lögð áhersla á tónlistarlegt uppeldi. Þjálfarar skal nemendur í að koma fram einir eða í hóp. Leggja þarf áherslu á að tónlistarnámið verði nemendum hvatning til að halda áfram á tónlistarbrautinni.

Fyrir alla skólana gildi að áhersla skal lögð á sköpunargleði og skapandi greinar í samspili við tækni og tækninýjungar.

8. Í öllu skólastarfi er það meginforsenda árangurs hjá nemendum að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barns síns, fylgist með framvindu, styðji og hlúi að. Í þeirri vegferð allri skiptir miklu máli að gagnkvæmt traust ríki í samskiptum foreldra og starfsfólks skólanna.
9. Skólar bæjarfélagsins skulu framkvæma innra mat reglulega. Til að tryggja framgang skólastefnunnar skal skólanefnd meta á 2 – 3 ára fresti hvernig skólum bæjarfélagsins tekst að framfylgja henni. Í fyrsta sinn árið 2016.
10. Gildi (leiðarljós) skólastefnu Grundarfjarðarbæjar er **Samvinna – virðing – ánægja**

Samvinna: Merkir að allt skólastarf skal grundvallast á lýðræðislegum vinnubrögðum. Lögð sé áhersla á samvinnu í öllum þáttum skólastarfs Grundarfjarðarbæjar. Að samvinna sé milli heimilis og skóla sem og samfélagsins alls. Að samvinna ríki milli nemenda og starfsfólks sem og milli nemenda innbyrðis. Að samvinna sé á milli skólastiga, á milli grunn- og leikskóla bæjarfélagsins, við aðrar skólastofnanir og þá sérstaklega við Fjölbrautaskóla Snæfellinga."

Virðing: Merkir að áhersla sé lögð á virðingu í samskiptum allra viðkomandi aðila skólastarfsins. Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem við sýnum hvert öðru, hvernig við tölum við fólk, hvernig við tölum um það og hvernig við förum með eigur þess."

Ánægja: Merkir að kappkosta skuli að undirtónn allrar vinnu í skólum bæjarfélagsins skuli vera ánægja. Bros er gulls ígildi.

11. Skólstefna þessi tekur gildi við samþykkt bæjarstjórnar.